

Skipulagsstofnun  
b.t. Jóns Ágústs Jónssonar  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Akureyri, 21. apríl 2021  
UST202103-494/Í.M.J.  
08.12.00

### **Efni: Mat á umhverfisáhrifum – matsskyldufyrirspurn – framleiðsluaukning seiðaeldisstöðvar á Bakka I í Ölfusi**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst þann 31. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um það hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

#### **Framkvæmdarlýsing**

Laxar fiskeldi ehf. (hér eftir nefnt rekstraraðili) áformar að sækja um breytingu á skilyrðum starfsleyfis seiðaeldisstöðvar fyrirtækisins að Bakka I í Ölfusi svo heimilt verði að framleiða 200 tonn laxaseiða á ári og að standandi lífmassi á stöðinni verði að hámarki 100 tonn hverju sinni.

Fram kemur í tilkynningarskýrslu að um sé að ræða breytingu á eldisfyrirkomulagi en nýtt starfsleyfi stöðvarinnar var gefið út í febrúar á þessu ári vegna stækkunar stöðvarinnar úr 20 tonna framleiðslu á ári í 100 tonn með 100 tonna hámarkslífmassa.

Heildareldisrými fiskeldisstöðvarinnar er 2.050 m<sup>3</sup> og gert er ráð fyrir að stöðin þurfi 167 l/sek af ferskvatni og 3 l/sek af heitu vatni. Fram kemur í tilkynningarskýrslu að starfsemin sé í samræmi við gildandi aðalskipulag.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. upplýsingum frá eftirlitsteymi stofnunarinnar hefur framleiðsla á starfsstöðinni verið yfir mörkum bæði eldra og nógildandi starfsleyfis árin 2018 (145 tonn), 2019 (139 tonn) og 2020 (111 tonn) og er rekstraraðili í fráviki frá starfsleyfisskilyrðum vegna þessa. Umhverfisstofnun gerir athugasemd við að sú framleiðsluaukning sem rekstraraðili tilkynnir hefur í raun þegar verið framkvæmd.

#### **Mat á umhverfisáhrifum**

Umhverfisstofnun telur helstu áhrifaþættir framkvæmdar vera lífrænt álag á viðtaka frárennslis og samlegðaráhrif við aðra starfsemi sem losar í sama viðtaka.

Umhverfisstofnun telur æskilegt að við mat á áhrifum framkvæmdar á viðtaka sé litið á framleiðsluaukninguna sem hér er til umfjöllunar sem hluta þeirrar framkvæmdar sem var til umfjöllunar í fyrra matsferli og því um tífoldun á framleiðslu að ræða úr 20 tonnum á ári í 200 tonn. Vísað er til umsagnar og viðbótarumsagnar stofnunarinnar við matsskyldufyrirspurn fyrri framkvæmdar.

### Lífrænt álag og frárennsli

Fram kemur í tilkynningarskýrslu að tromlusía sé notuð til að sía fastefni frá frárennslisvatni sem síðan er leitt í settank áður en það er losað í framræsluskurð. Í fyrra matsferli var losun miðuð við fóðurstuðulinn 1,3 en tekið er fram að raunverulegur fóðurstuðull eldisins sé nú um það bil 0,9-1,0. Niðurstöður útreikninga rekstraraðila á losun eru að um 9 tonn af köfnunarefni og allt að 2,1 tonn af fosfór muni berast með eldisvatni í hreinsivirki á ári miðað við 200 tonna framleiðslu. Fram kemur að tromlusían geti fangað um 90% af fastefni frá eldinu. Umhverfisstofnun telur æskilegt, þar sem stöðin er í rekstri, að rauntölur byggðar á mælingum séu notaðar til viðbótar við útreikninga til að áætla losun frá eldinu í viðtaka. Umhverfisstofnun mun í starfsleyfi gera kröfu um fullnægjandi hreinsun frárennslis og verða losunarmörk miðuð við árlega lífmassaaukningu í stöðinni.

Umhverfisstofnun minnir á lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og bendir á að skurðakerfið sem frárennsli stöðvarinnar er losað í tengjast straumvatnshlotunum 103-966-R Þurá og 103-792-R Varmá. Samkvæmt reglugerð nr. 535/2011 skulu vatnshlot vera í mjög góðu eða góðu vistfræðilegu og efnafræðilegu ástandi. Ef ástand vatnshlota samræmist ekki umhverfismarkmiðum skal grípa til aðgerða til þess að ná betra ástandi skv. stjórn vatnamála.

Fram kemur í tilkynningarskýrslu að útrennsli eldisstöðvarinnar sé í Ölfusárós sem flokkist sem síður viðkvæmur viðtaki skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ. Umhverfisstofnun bendir á að skilgreindur viðtaki frárennslisins eru ofangreind straumvatnshlot en ekki Ölfusárós. Auk þess bendir stofnunin á að Ölfusárós hefur ekki verið skilgreindur síður viðkvæmur viðtaki og verður það ekki gert nema Umhverfisstofnun fallist á þá skilgreiningu sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ.

### Samlegðaráhrif

Meðal annars álags á þau vatnshlot sem eldisstöðin kann að hafa áhrif á eru eldisstöðvar að Fiskalóni, Núpum og Öxnalæk og skólphreinsistöð þéttbýlis Hveragerðis. Niðurstaða tilkynningarskýrslu er að samlegðaráhrif eldisstöðva á svæðinu séu hverfandi vegna hreinsunar frárennslis, umfangsmikils skurðakerfis og upptöku næringarefna í mýrum.

Fram kemur í tilkynningarskýrslu að stöðin liggi utan verndarsvæða og að starfsemi hennar muni ekki hafa áhrif á nálæg verndarsvæði. Umhverfisstofnun bendir á að á áhrifasvæði eldisstöðvanna í Ölfusi er votlendissvæðið Ölfusforir sem er á náttúruminjaskrá. Fram kemur á upplýsingasíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands að svæðið sé eitt stærsta og frjósamasta votlendissvæði landsins sem stafi ógn af mengun frá svæðum ofar við ána. Á lista yfir aðgerðir til verndar svæðins er hreinsun skólps frá byggð ofar í vatnakerfinu.

Umhverfisstofnun bendir á að samanlögð leyfileg ársframleiðsla á Bakka, Fiskalón, Núpum og Öxnalæk var 260 tonn árið 2018 en með fyrirhugaðri framleiðsluaukningu á starfsstöðvum rekstraraðila verður hún um 800 tonn. Að mati Umhverfisstofnunar er þetta talsverð aukning á lífrænu álagi á votlendissvæðið og ekki hægt að útiloka að aukningin hafi áhrif á vistkerfi þess.

### Úrgangur

Fram kemur í tilkynningarskýrslu að dauðfiskur frá eldisstöðinni verði urðaður á löggiltum urðunarstað og að seyru úr tromlusíu sé fargað á viðurkenndum förgunarstað. Umhverfisstofnun telur mikinn umhverfisávinning felast í endurnýtingu á þeim lífræna

úrgangi sem verður til við starfsemi landeldisstöðva. Stofnunin hefur tekið saman [leiðbeiningar um fráveitu- og fastefnismeðhöndlun fiskeldisstöðva á landi](#) sem aðgengileg er á vefsíðu stofnunarinnar og hvetur rekstraraðila til að skoða slíkar leiðir í stað förgunar.

### **Niðurlag**

Umhverfisstofnun telur að með fullnægjandi hreinsun frárennslis sé sú framleiðsluaukning sem hefur verið framkvæmd og er fyrirhuguð samkvæmt tilkynningarskýrslu ekki líkleg til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Þó bendir stofnunin á að heildarlosun á svæðinu hefur aukist töluvert á síðustu árum. Umhverfisstofnun telur óvissu gæta um samlegðaráhrif þeirrar losunar á lífríki votlendis Ölfusföru og tekur fram að stofnunin getur gert kröfu í starfsleyfi um vöktun á ástandi þess.

Virðingarfyllt,

Ísak Már Jóhannesson  
sérfræðingur

Steinar Rafn Beck Baldursson  
sérfræðingur